



Kynning á fundi í Öldungaráði 3. maí 2021

Aldursvæn borg - Staða mála

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir
Skrifstofu öldrunarmála velferðarsviði



Aldursvæn borg

Hugtakið **aldursvænar borgir** snýst samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (WHO) um að byggingar, hverfi, borgir og samfélög eigi að vera í takt við félagslegar og líkamlegar þarfir íbúa og umhverfið styðji við sjálfstæða búsetu, jafnrétti og virka og heilbrigða þátttöku í samfélaginu.

Markmið með þátttöku Reykjavíkurborg í Aldursvænum borgum aðgengilega, aðlaðandi og hentuga fyrir eldri íbúa og í leiðinni betri borg til að búa í fyrir alla íbúa og aldurshópa.



Málefnasvið WHO

1. Útisvæði og byggingar
2. Samgöngur
3. Húsnæði
4. Félagsleg þátttaka
5. Virðing og félagsleg viðurkenning
6. Virk samfélagsþátttaka og atvinnumöguleikar
7. Upplýsingamiðlun
8. Félags- og heilbrigðisþjónusta



Reykjavík aldursvæn borg

Reykjavíkurborg varð þáttakandi í verkefni WHO um aldursvænar borgir árið 2015. Rásfundur verkefnisins var haldinn þann 25. nóvember 2015 og í hópavinnu um átta málefnasvið verkefnisins komu fram alls 93 hugmyndir og tillögur. Ákveðin samlegð var með verkefninu **Heilsueflandi hverfi**, undirhóp stýrihóps um lýðheilsu og jöfnuð í Reykjavík sem var liður í forvarnastefnu 2014 til 2019. Þar voru m.a. framkvæmdar tillögur **starfshóps um heilsueflingu aldraðra** (26 tillögur) en þær sköruðust einnig á við tillögur um aldursvæna borg. Stýrihópur á vegum velferðarsviðs hélt utan um verkefnið í upphafi, en síðan var ákveðið að fulltrúar þeirra sviða sem þar áttu sæti myndu fylgja áherslum verkefnisins eftir á sínu sviði. Starfsmaður velferðarsviðs er í **norrænu samstarfi aldursvænna borga** og í Evrópu sem eru í verkefninu. Náið samstarf er við skrifstofu borgarstjóra verkefnastjóra lýðheilsu sem heldur utan um **Healthy Cities verkefnið** og verkefnastjóra **NET4AGE Friendly** verkefnisins.



NET4AGE FRIENDLY

Reykjavíkurborg er þátttakandi í þremur vinnuhópum þar sem eftirfarandi þættir eru á dagskrá, bæði staðbundið og á evrópskum vettvangi.

WG1: Notendamiðuð hönnun í aldursvænu umhverfi

WG2: Samþættar leiðir til heilbrigðis og vellíðunar

WG3: Stafrænar lausnir



WHO –Healthy Cities network

- 1400 sveitarfélög eru þátttakendur
- Í gegnum samtökin kemur mikið af nýju efni, rannsóknir og skýrslur og ýmsilegt um aldursvæn samfélög.
- Fjöldi málstofa á netinu um ýmis heilsutengd efni m.a. um eldri borgara.



Norrænt samstarf aldursvænna borga

Reykjavík

Oslo

Trondheim

Esbjerg

Göteborg


Stokkhólmur

Halstahammar

Uppsala

Östersund

Gävle



**Nordens
välfärdscenter**



Helstu verkefni framundan

- Komast að því hvað eldri borgarar telja að hverfi þurfi að innihalda til að hámarka lífsgæði þeirra sem þar búa.
- Halda rýnihóp með eldri borgurum.
- Fá yfirsýn yfir hvernig úrræði sem ætluð eru eldri borgurum gagnast þeim.
- Framkvæma þjónustukannanir í einni almennri dagdvöl, tveimur félagsmiðstöðvum og tveimur þjónustuíbúðakjörnum og meðal hluta eldri borgara sem fá heimaþjónustu.



Helstu verkefni framundan

- Halda opinn fund með eldri borgurum til þess að fá hugmyndir þeirra og tillögur að aðgerðum sem falla undir átta málefnasvið aldursvænna borga.
- Gera aðgerðaáætlun byggða á tillögunum.
- Sjá til þess að aðgerðum verði hrint í framkvæmd á þeim sviðum borgarinnar sem þær tilheyra.
- Gögnum um hagi og líðan eldri borgara í Reykjavík sé safnað og þau nýtt til uppfærslu aðgerðaáætlana í málaflokknum. Metið hvaða gögnum þarf að safna oftar en á fjögurra ára fresti og með hvaða hætti sé best að gera það.
- Þróun lýðheilsuvísa Reykjavíkurborgar fyrir eldri borgara til að aðgreina stöðuna, finna styrkleika og áskoranir og skilja þarfir og vinna að því að bæta heilsu og líðan.



Takk fyrir!